

Langanesbyggð  
Langanesvegur 2  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 12. október 2022  
UST202202-326/K.K.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.08.2022 – Urðunarstaður Langanesbyggðar á Bakkafirði**

Þann 24. ágúst 2022 fór fram eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávík eru útistandandi:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun. Skráningar vegna tl. 6-11 í gr. 4.1 voru ekki tiltækar við eftirlit.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum hefur ekki verið skilað.
3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða úrgang. Nokkuð var um úrgang í geymslu á urðunarstaðnum, en ekki er heimild í starfsleyfinu fyrir geymslu úrgangs.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. nóvember 2022.**

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*

Sigríður Magnúsdóttir  
*Sérfræðingur*